

Föstudaginn 24. mars 1995.

Nr. 99/1995.

Einar Þór Kolbeinsson

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

gegn

Olíuverslun Íslands hf.

(Ásgeir Þór Árnason hrl.)

Kærumál. Skjöl. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 8. mars 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 22. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra, upp kveðinn 28. febrúar sl., þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um, að varnaraðila yrði gert að leggja fram á dómþingi í máli aðila tiltekin skjöl, svo sem nánar greinir í hinum kærða úrskurði. Kæruheimild er í d-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og allar kröfur sínar um framlagningu gagna af hálfu varnaraðila verði teknar til greina svo og, að varnaraðila verði gert að greiða sér kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að kröfum sóknaraðila verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Varnaraðili hefur ekki fært fram nein haldbær rök fyrir kröfu sinni um, að kröfum sóknaraðila verði vísað frá héraðsdómi. Kemur þessi krafa því ekki frekar til álita.

Sóknaraðili reisir kröfu sína um, að varnaraðili verði með úrskurði skyldaður til að láta af hendi gögn, á 2. mgr. 68. gr. laga nr. 91/1991. Það ákvæði tekur eftir efni sínu eingöngu til tilvika, þar sem maður, sem er ekki aðili að máli, hefur undir höndum skjál, er málsaðili telur sig þurfa til sönnunar. Getur þá dómari samkvæmt kröfu og að fullnægðum nánari skilyrðum samkvæmt ákvæðinu skyldað

vörslumanninn til að afhenda skjalið á dómþingi. Ákvæði þetta varðar hins vegar á engan hátt þá aðstöðu, að málsaðili hafi undir höndum skjal, sem gagnaðili hans telur sig þurfa, enda eru lagaúr-ræði gagnaðilans til að knýja á um að fá aðgang að skjali úr hendi hans tæmandi talin í 1. mgr. 68. gr. laga nr. 91/1991. Þegar af þessari ástæðu skortir með öllu lagastof fyrir þeim kröfum, sem sóknaraðili gerir í málinu, og ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð að niður-stöðu til.

Í máli þessu hafa báðir aðilar jöfnum höndum látið deilu sína snúast um, hvort efnisleg skilyrði séu til að taka kröfur sóknaraðila til greina með þeim hætti, sem um ræðir í 2. mgr. 68. gr. laga nr. 91/1991, en aðilum átti ekki að geta dulist, að það ákvæði átti ekki hér við. Þegar þess er gætt, verður hvor aðili látinn bera sinn kostnað af kærumálinu.

Það athugast, að kæra þessa máls er að ófyrirsynju. Þá er athuga-vert, að hinn kærði úrskurður er ekki þannig úr garði gerður, sem fyrir er mælt í síðari málslið 3. mgr. 112. gr. laga nr. 91/1991.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 28. febrúar 1995.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 9. þ. m. að undangengnum munn-
legum málflutningi, er til komið vegna áskorunar Hróbjarts Jónatanssonar
hrl., lögmanns stefnda, Einars Þórs Kolbeinssonar, sem beint var til stefn-
anda vegna matsmáls og þess krafist, að stefnandi legði fram:

1. Rekstrarreikninga fyrir umboð stefnanda á Húsavík fyrir árin 1989, 1990, 1991, 1992 og 1993.
2. Umboðssamninga, sem í gildi hafa verið um Húsavíkurumboð stefn-
anda frá 1. 6. 1989 til „dags dato“.
3. Upplýsingar úr bókhaldi stefnanda um laun umboðsmanns Olís á
Húsavík og annarra starfsmanna við það umboð frá 1. 6. 1989 til „dags
dato“.
4. Upplýsingar um rekstrarstyrki til Húsavíkurumboðs frá 1. 6. 1989 til
„dags dato“.

Var áskorun þessi lögð fram á dómþingi 27. 10. 1994 og þingmerkt sem
dskj. nr. 51 í sambandi við dómkvaðningu matsmanna, þar sem stefndi, Ein-

ar Þór, óskaði eftir, að hinir dómkvöddu matsmenn legðu mat á ýmis atriði, alls í 13 liðum, varðandi umboðssamning hans við stefnanda.

Í þinghaldinu 27. október sl. voru dómkvaddir tveir löggiltir endurskoðendur, sem síðar reyndust svo tengdir stefnanda, að ekki var unnt að líta á þá sem óhlutdræga, svo að í þinghaldi 11. nóvember sl. voru dómkvaddir sem hæfir matsmenn og óvilhallir Þorsteinn Kjartansson og Þórir Ólafsson, löggiltir endurskoðendur hér í bæ.

Í báðum þinghöldum lá fyrir þessi áskorun stefnda, sem að framan er rakin, og telur hann, að stefnanda beri að leggja fram umrædd skjöl, sbr. 2. mgr. 67. gr. laga nr. 91/1991, og hafni stefnandi þessari áskorun, er þess krafist, að hann verði skyldaður með úrskurði til að láta þau af hendi að viðlögðum dagsektum og/eða aðför, sbr. 2. mgr. 68. gr. s. 1.

Með bréfi, dags. 13. desember sl., til dómsins upplýsti lögmaður stefnda, að lögmaður stefnanda, Ásgeir Þór Árnason hrl., hefði í tengslum við fyrirhugaðan matsfund í málinu, er halda skyldi 7. desember sl., upplýst, að hann teldi matsmálið þýðingarlaust og engin gögn yrðu lögð fram af hálfu stefnanda fyrir matsmenn, enda gögn þau, sem matsbeiðandi hefði kallað eftir, að því er virtist, ýmist ekki til eða verulegum annmörkum háð að afla þeirra.

Með bréfi, dagsettu 11. desember sl., frá matsmönnum til lögmanns stefnda var óskað eftir viðbótargögnum og m. a. þeim, sem að framan eru rakin að hans sögn. Í framhaldi af bréfi lögmanns stefnda 13. desember sl. boðaði dómari til dómþings um ágreining þennan 16. desember sl., en lögmaður stefnanda boðaði þá forföll, og vegna réttarhlés og óvenjulega rýsjuóttis veðurfars þingaði dómari í máli þessu í Reykjavík, er það var tekið til úrskurðar.

Við málflutning lýsti lögmaður stefnanda yfir því, að hann yrði ekki við áskorun lögmanns stefnda um að leggja fram framangreind gögn. Ekki væru til sérgreindir rekstrarreikningar fyrir Húsavíkurumboð og ekki heldur umboðssamningur vegna Húsavíkurumboðsins. Þetta telur lögmaður stefnda ekki skipta máli, þótt ekki sé til sérgreindur rekstrarreikningur; upplýsingar til gerðar hans séu í fórum stefnanda. Lögmaður stefnanda upplýsti, að stefnandi hefði enga umboðssamninga gert, síðan samningum við stefnda, Einar Þór, var rift 13. júní 1989, svo að af sjálfu sér leiði, að skjöl skv. 2., 3. og 4. tl. á dskj. nr. 51 séu ekki til. Í ljósi þessa kvaðst lögmaður stefnda krefjast þess, að lögð yrðu fram málsskjöl skv. 1. tl. á dskj. nr. 51, og falla frá kröfum skv. 2., 3. og 4. tl., þó þannig, að laun starfsmanna stefnanda á Húsavík verði sundurliðuð miðað við almanaksárið, frá 1. 6. 1989 til „dags dato“, þ. e. a. s. laun hvers starfsmanns, en gerir ekki kröfu til þess,

að persónur séu nafngreindar eða auðkenndar. Röksemdir fyrir kröfu þessari séu þær, að upplýsingar séu í fórum stefnanda og nauðsynlegar til þess, að matsmenn geti metið í matsmálum. Væri stefnandi ekki aðili málsins, væri hann vitnaskyldur, og það réttlætismál stefnda að fá þessar upplýsingar og með vísan til 2. mgr. 67. gr. einkamálalaga sé stefnanda skylt að leggja fram þessi gögn, sbr. 2. mgr. 68. gr. s. 1.

Þessu mótmælir lögmaður stefnanda. Telur hann, að túlka beri ákvæði 2. mgr. 67. gr. laga nr. 91/1991 öðruvísi. Sé hugtakið skjal það þröngt, að ekki geti það fallið undir svo miklar einkaupplýsingar úr bókhaldi stefnanda. Rekstrarreikningur fyrir Húsavíkurumboð sé ekki til, sem fyrr greinir, og stefndi eigi ekki rétt til þess að fá upplýsingar úr bókhaldi stefnanda burt séð frá þessu matsmáli, svo og geti hugtakið efni skjals ekki náð til svo stórkostlegra upplýsinga sem um er krafið, enda væri stefnandi ekki skylt að bera vitni um þær upplýsingar, ef hann væri ekki aðili málsins.

Skv. 4. mgr. 52. gr. einkamálalaga eigi dómari mat um þetta mál, en hér sé um að ræða viðskiptaleyndarmál varðandi viðskipti stefnanda. Stefnandi sé því ekki skylt að opna bókhald sitt fyrir hverjum, sem er, og stríði það jafnframt gegn grundvallarreglum samkeppnislaga. Auk þess séu launagreiðslur trúnaðarmál stefnanda og starfsmanna hans. Óhugsandi sé, að dómstóll geti úrskurðað stefnanda til þess að útbúa sérstakan rekstrarreikning um einstaka liði starfsemi sinnar, er geti fært keppinautum mikilvægar trúnaðarupplýsingar. Til þess að gera sérstakan rekstrarreikning fyrir Húsavíkurumboð skorti allar forsendur fyrir uppsetningu hans, t. d. þátttöku í sameiginlegum kostnaði stefnanda o. s. frv.

Þessu mótmælir stefndi. Sé málatilbúnaður sinn á því reistur, að umboðssamningur sinn og stefnandi hafi verið bersýnilega ósanngjarn, og sé það hagsmunamál sitt að geta sannað það, að endurgjald stefnanda hafi ekki verið nægjanlega hátt. Sé því nauðsyn að fá upplýsingar um kostnað stefnanda af rekstri Húsavíkurumboðs, svo og mótmælir hann skilningi stefnanda á hugtakinu skjal og telur það vísa til allra þeirra upplýsinga, sem aðeins séu í fórum stefnanda. Telur hann, að stefnandi sé skyldur að bera vitni um upplýsingar úr bókhaldi sínu. Bókhaldið sé hann skyldur til að láta yfirvöldum í té, og þau gögn, sem um sé beðið, falli undir 2. mgr. 67. gr. einkamálalaga. Hér sé ekki um að ræða viðskiptaleyndarmál, heldur séu hagsmunir stefnda meiri að fá þessar upplýsingar en stefnanda að halda þeim leyndum fyrir honum.

Álit dómsins.

Það er álit dómsins, að hugtakið skjal skv. 2. mgr. 67. gr. laga nr. 91/1991 beri að skilja réttarfarslega, þannig, að það sé skjal sem slíkt og aðrir

áþreifanlegir hlutir, lausir og fastir, þannig, að í sjálfu sér falla kröfur stefnda undir það hugtak. Til hins ber að líta, að stefnandi telur sig ekki hafa forsendur til þess að gera sérstakan rekstrarreikning fyrir umboð sitt á Húsavík. Auk þess sé um að ræða trúnaðarupplýsingar í bókhaldi sínu um launakjör og annað, sem honum sé ekki skylt að bera vitni um. Á þessi sjónarmið stefnanda getur dómurinn fallist. Enda þótt dómurinn féllist á kröfu stefnda um, að stefnandi legði fram margumrædd skjöl in camera skv. 1. mgr. 69. gr. laga nr. 91/1991, hafa í þessu tilviki matsmenn aðra stöðu en dómari. Einnig ber á það að líta, að aðalefni matsbeiðni stefnda tekur yfir það tímabil, er samningssamband þeirra varði, frá 1. mars 1987 til 13. júní 1989, er stefnandi rifti samningnum. Fjallar ágreiningur aðila um uppgjör á þeim tíma, og ættu hinir dómkvöddu matsmenn að geta metið þær skyldur stefnanda á móti framlagi stefnanda á þeim tíma skv. þeim bókhaldsgögnum, er fyrir liggja. Að öðru leyti fellst dómurinn á málsástæður stefnanda, svo sem þær eru hér að framan raktar, og er því kröfu stefnda hafnað.

Úrskurð þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari, og hefur uppkvaðning hans dregist nokkuð vegna embættisanna dómarans svo og veikinda.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu stefnda, Einars Þórs Kolbeinssonar, um framlagningu skjala skv. dskj. nr. 51 í málinu E-92/1992 (20/1989), Olúfuverslun Íslands hf. gegn Einari Þór Kolbeinssyni, Maríu Óskarsdóttur og Óskari B. Guðmundssyni, er hafnað.
